

Nr. 097 / 14 Bliki ÍS 203**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2710 IMO nr.
Smíðaður: Hafnarfirði 2005 plast
Stærð: 11,56 brl. 14,97 bt.
Mesta lengd: 12,35 m Skráð lengd: 11,38 m
Breidd: 3,73 m Dýpt: 1,43 m
Vél: Volvo Penta D12715, 368,2 kW 2005
Fjöldi skipverja: 2



Bliki ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfredsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. nóvember 2014 var Bliki ÍS 203 á siglingu um 6 sml norður af Horni. Veður: Logn.

Siglt hafði verið um morguninn frá Suðureyri og þegar komið var á veiðislóð var slegið af vél vegna undirbúnings lagningu á línu. Þegar halda átti áfram siglingu virkaði gírinn ekki og var óskað eftir aðstoð.

Kristín GK 457 dró Blika suður undir Súgandafjörð þar sem annar bátur kom og tók við drættinum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að vökvadæla sem heldur uppi þrýstingi fyrir gírinn bilaði. Skipt var um dælu þegar í land var komið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.